

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/770
komudagur 19. 2. 2002

Akureyri 18. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
B/t Einar Farestveit
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni; Athugasemdir við frumvarp til laga um búfjárhald og fleira, 338. mál.

Undirritaðir starfsmenn Búnaðarsambands Eyjafjarðar gera hér með eftirfarandi athugasemdir:

Um 8. gr.

Gerð er athugasemd við það að Búnaðarsamband skuli veita umsögn um vörslulínur, eðlilegt er að sveitarstjórn veiti slíka umsögn og má í því sambandi benda á reglugerð um girðingar með vegum nr 325/1995 þar sem sveitarstjórn skal votta um viðhald og þar með vörslugildi girðinga með vegum. Einnig verður dagsetning vottunar að teljast vafasöm þar sem að girðingar eru í mörgum árum í sumum landshlutum enn undir snjó 15. maí.

Um 10. gr.

Tekið er undir sérálit Gunnars Sæmundssonar í Hrútatungu.

Um 11. gr.

Lagt er til að búfjárefniritarmenn fari áfram í haustskoðun til allra búfjáreigenda, en þá sérstaklega til eftirlits með fóðrun og aðbúnaði. Áður en sú ferð fer fram ættu umráðamenn búfjár að vera búnir að senda inn eyðublöð fyrir tölur um búfé og fóðurforða. Hafi það ekki verið gert er þá hægt að sækja þau og yfirfara í leiðinni. Þar með fer minni tími í talnasöfnun en meiri í gagnvirkt eftirlit sem að okkar mati er afar nauðsynlegt.

Um 12. gr.

Tekið er undir sérálit Gunnars Sæmundssonar í Hrútatungu. Teljum við mikilvægan lið í eftirliti vegna gæðastýringar að allir búfjáreigendur séu heimsóttir af búfjárefniriti.

Virðingarfyllt

María Svanprúður Jónsdóttir

Ólafur G. Vagnsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/798
komudagur 19.2.2002



BÚNAÐARSAMBAND
SUDUR-ÞINGEYINGA

Auðnum, Laxádal.
641 Húsavík.

Til landbúnaðarnefndar Alþingis.
Varðandi frumvarp til laga um búfjárhald o.fl.

Um 7. grein:

Ekki er samræmi í ákvæðum síðustu málsgreinar um hvernig fara eigi með graðhesta annarsvegjar, og hinsvegjar annan annan graðþening, sem ekki er í tryggri vörslu. Einnig virðist orðinu "sólu-" í síðustu setningu málsgreinarinnar ofaukið miðað við efni hennar að öðru leiti.

Um 8. gr.

Efni þessarar greinar virðist miklu fremur eiga heima í girðingatögum en hér; það er í rauninni ekki um vörslu búpeninga, heldur um vörslu lands, sem ekki er ætlað til neinna beitarnytja. Ákvæði greinarinnar um friðun lands, auglýsingar sveitarstjórna þar að lútandi svo og umsögn búnaðarsambanda sýnast á margan hátt vafasöm. Til dæmis er nánast ómögulegt að votta vörslugildi girðingar nema á þeim degi, sem skoðun fer fram. Ekki þarf nema smávægilega bílun eða skort á eftirliti eiganda til að girðing missi stóran hluta vörslugildis síns og á það ekki síst við um háspenntar rafgirðingar, sem nú verða tö algengari og eru á hraðri leið að taka við hlutverki hefðbundinna vírnets- og gæddavíragirðinga. Grein þessa virðist réttast að fella út úr frumvarpinu.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 34. og 35. gr. laga nr. 6/1986 um fjallskit og afréttarmálefni. Orðalag og ákvæði eru mjög svipuð. Óþarft virðist að að taka þessi ákvæði upp hér. Grein þessa virðist réttast að fella út úr frumvarpinu.

Um 10. gr.

Ákvæðum 4. mgr. um gjaldtöku vegna forðagæslu er hér með mótmælt. Einn af nefndarmönnum þeim, er sömu drög að frumvarpinu, Gunnar Sæmundsson skilaði séráliti um 10. gr. og er hér tekið undir álit hans. Einnig skal minnt á umsögn Búnaðarþings 2001 um þessi ákvæði í sömu drögum, sem lágu fyrir þinginu, en þar segir:

"Það er skoðun þingsins að forðagæsla og búfjárestirlit sé að verulegum hluta opinbert eftirlit fremur en þjónusta við bændur. Þingið leggst gegn hugmyndum um gjaldtöku

vegna hins almenna hluta eftirlitsins, þ.e. reglulegt eftirlit og umsýsla varðandi þá sem rækja skyldur sínar varðandi þá þætti sem löggin kveða á um. Þann þátt í framkvæmdinni verður að mæta og er eðlilegt að greiddur sé af opinberu fé.”

Um 11. gr.

Það fyrirkomulag við gerð haustskýrslna sem 11. gr. gerir ráð fyrir virðist síður en svo líklegt til einhverra úrbóta, allra síst þar sem framkvæmd forðagæslu samkvæmt gildandi lögum hefur verið í ólestri. Helstu ástæður fyrir því eru eftirfarandi.

1. Haustferð eftirlitsmanna hefur ekki aðeins verið til að safna tölum um búfé og fódurforða; einnig er litið eftir ástandi og hirðingu búfjár og peningshúsa, sem er ekki síður nauðsynlegt.
2. Almenn haustferð til eftirlits skapar ákveðið aðhald og gerir öllum jafnhátt undir höfði; enginn getur öðrum fremur talað um að hann hafi þetta eftirlit á hælunum o.svo frv., né heldur að hann verði aldrei var við það.
3. Áreiðanleiki forðagæsluskýrslna hlýtur að minnka talsvert við breytingu í það horf, sem frv. gerir ráð fyrir. Það getur aftur valdið alvarlegum vanda við ákvörðun bóta úr Bjargráðasjóði, þar sem þessar skýrslur hafa verið lagðar til grundvallar fyrir bótaútreikningi vegna búfjártjóns og uppskerubrests. Engar aðrar upplýsingar, sem komið gætu að sama gagni eru til. Tryggingafélög nota einnig þessar skýrslur við ákvörðun upphæða í brunatryggingu búfjár og fódurbirgða.

Dæmi er um að tekið hafi verið upp fyrirkomulag við gerð haustskýrslna, sem fer nokkurnvegin mitt á milli ngildandi reglna og þeirra sem frv. gerir ráð fyrir. Í fáum orðum má lýsa því þannig:

Búfjæftirlitsmaður sendir út eyðublið fyrir haustskýrslu og er bændum ætlað að útfylla þau. Hann heimsækir síðan hvern og einn, yfirfer skýrslurnar ásamt þeim sem hafa útfyllt þær og lítur eftir búfé og peningshúsum. Hann gerir síðan skýrslur fyrir þá ekki hafa útfyllt þær jafnframt öðru eftirliti.

Helstu kostir þessa fyrirkomulags eru:

Mikill vinnusparnaður við skýrslugerð.

Eftirlitið er fyllilega sýnilegt þar sem allir fá heimsókn eftirlitsmanns.

Þekking eftirlitsmanns á aðstæðum og hirðingu á hverjum stað viðhelst.

Gildi forðagæsluskýrslna rýrnar ekki.

Lokafrestur til frágangs haustskýrslna er í frv. 20. desember. Það er nokkuð seint; 10. des. væri æskilegri dagsetning.

Í væntanlegum lögum um gæðastýringu í sauðfjárrækt er búfjæftirlitsmönnum ætlað hlutverk við að fylgjast með framkvæmd hennar hjá bændum. Því þarf að gæta vel að samræmingu ákvæða um störf þeirra í tvennum lögum.

Um 12. gr.


Búnaðarþing 2001 lagði til að fella niður setningarlutann; “sem ekki starfrækja---- Bændasamtökum Íslands” og einnig að síðasta málsgrein falli niður. Undir hvort tveggja skal tekið hér.

Auðnum, 19/2 2002.

Jón Benediktsson

BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 127/771
komudagur 19. 2. 2002



Selfossi, hinn 15. febrúar 2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Undirritaður hefur fengið til umsagnar “frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál, heildarlög”. Aðeins skal minnst á nokkur atriði.

Í tillögu nefndarinnar um endurskoðunina á lögunum, var lagt til að hver og einn sem hefði og ætti búfé, þyrfti til þess leyfi. Í fjórðu greininni er búið að fella það út og taka upp skráningu á búfjárhöldurum í staðinn. Gott er að hafa alla búfjáreigendur listaða upp á einum stað, en sett er spurningarmerki við þörfina á þessari skráningu í fjórðu greininn. Er þetta ekki einungis og allt að því óþarfa skráning úr því að leyfisveitingin sjálf er fallin út? Allir búfjáreigendur koma fram við skil á skýrslunum og hægt að lista þá upp eftir þeim. Þessa lista væri síðan hægt að senda viðkomandi sveitarstjórnnum og þær endursent, komi nýr búfjárhaldari inn í sveitarfélagið eða einhver hættir, sé þörf á þessu.

Síðast í fyrri mgr. 7. gr. núverandi laga segir. “Jafnframt er í reglugerð heimilt að kveða á um kröfur til reynslu og þekkingar þeirra sem búfé halda eða hirða.” Ef fyrrgreind leyfisveiting fellur niður, eins og nú er, þarf að endurskoða það, hvort setningin hér að framan um reynsluna og þekkinguna eigi ekki heima í 4. gr. eða undir 17. greininni.

Í 10. gr. vantar í raun og veru þann aðila, sem búfjárefirlitsmaður getur sótt til, komi upp vafaatriði í starfmu, svo sem gagnvart fóðrun eða mati á fóðri, svo eitthvað sé nefnt. Óhjákvæmilegt er að hafa búnaðarsamböndin þarna áfram sem þann samnefnara sem hægt er að sækja til. Í 10. gr., 2. mgr. myndi koma sama mgr. og nú er í 2. mgr. 9. gr. eða sambærilegt. “Búnaðarsamböndin hafa á hendi umsjón með búfjárefirliti hvert á sínu svæði. Ráðunautur viðkomandi búnaðarsambands annst slíkt eftirlit eða aðili sem það tilnefnir. Skulu búfjárefirlitsmenn á svæðinu leita útskurðar hans í vafaatriðum um framkvæmd eftirlits.”

Varðandi 16. gr. orkar tvímælis, að rétt sé að vísa öllum málum einungis til héraðsdýralæknis. Sé eitthvað athugunarvert við aðbúnað, fóðru o.fl. þarf hann að fá annan aðila með sér. Annars vegar héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis. Nú er héraðsdýralæknir fulltrúi yfirdýralæknis og er því óeðlilegt að hann geti tekið annan fulltrúa hans með í slík mál. Í umræðunni var t.d. rétt um að héraðsdýralæknir og héraðsráðunautur tæki þessi mál sameiginlega, sem og undirritaður teldi eðlilegast.

Í stórum málum og sérhæfðum væri síðan eðlilegast að þriðji aðili kæmi að þessu, en það væri sérgreinadýralæknar og þá hver fyrir sitt svið.

Undirritaður telur því rétt að hafa hér héraðsdýralækni og héraðsráðunaut saman í öllum aðgerðum, en þeir megi síðan kalla eftir sérgreinadýralækni og/eða þá einnig sérgreina ráðunauti, hvort sem hann væri héraðs- eða landsráðunautur.

Að síðustu er vert að velta því upp, hvort úrræði 3. og 4. mgr. 16 gr. þarf að tíunda frekar. Þarna væri eðlilegt að fram kæmi, hvort lögreglustjóri mætti gefa viðbótarfrest, t.d. á því að bæta úr fóðrun, lagfæra aðbúnað o.fl., eða skal hann taka búfé umsvifalaust úr vörslu umráðamanns búfjár innan tveggja sólarhringa? Væri viðkomandi umráðamaður búfjár t.d. ekki alveg búinn með það sem upp á hann stendur samkvæmt 1. mgr. 16. gr. eftir þann frest sem hann fékk, þá mega héraðsdýralæknir og fulltrúi yfirdýralækni eða héraðsráðunautur ekki gefa viðbótarfrest. Vantar ekki aðeins sveigjanleika hér, sé ekki um mjög alvarlegt atvik að ræða?

Með vinsemd og virðingu

Kristján Bj. Jónsson
héraðsráðunautur



Búnaðarsamtök Vesturlands

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P. 227, 2002
komudagur 12.3.2002

12.mars 2002
Tilvísun: EB/EB 02-009

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um búfjárhald o.f.l.

Við undirritaðir höfum lesið yfir ofangreint frumvarp og gerum eftirfarandi athugasemdir:

1) Leggjum til að 12. grein orðist svo:

Búfjárefntirlitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, heimsækja alla umráðamenn búfjár í sínu umdæmi. Bændasamtök Íslands hafa heimild til að undanþiggja einstök bú sem starfrækja innra eftirlit eða gæðastjórnun. Umráðamenn búfjár skulu láta búfjárefntirlitsmanni í té vorskýrslu, sbr. 4. Tölul. 17. gr. Búfjárefntirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreinar fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og eða fóðrun búfjár á síðustu 24 mánuðum, skal búfjárefntirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

O.s.fr.

2) Varðar 1. gr. Er eðlilegt að tilgangur þessarra laga sé m.a. að afla hagtalna?

3) Varðar 8. gr. Við teljum að þarna sé meiningarlitið ákvæði. Ef girðing er fjárheld þá á ekki búfé að komast innfyrr. Vottun búnaðarsambands eitt sér gerir girðinguna ekki fjárheldari. Búnaðarsambönd verða væntanlega líka að taka gjald fyrir að votta að girðing sé fjárheld. Það þýðir að við verðum að ganga með henni amk einu sinni á ári, gera tillögur um úrbætur og e.t.v. ganga aftur með girðingunni og athuga að viðgerðir séu í lagi.

4) Varðar 16. grein. Við teljum að héraðsdýralæknir ætti að hafa aðgang að gripahúsum án þess að hann þurfi að afla dómsúrskurðar.

Virðingarfyllst,

fh Búnaðarsamtaka Vesturlands

Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri

Lárus G. Birgisson héraðsráðunautur

Friðrik Jónsson héraðsráðunautur



Alþingi
Erindi nr. P 127/1291
komudagur 18.3.2002

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. mars 2002
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál

Tilv:02020007

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 31. janúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Búnaðarþing 2002 fjallaði um frumvarpið en afgangur af því ályktun heldur vísaði til afgreiðslu hjá stjórn. Hins vegar komu fram athugasemdir frá nefndinni sem fjallaði um frumvarpið, sem samstaða er um, og fylgja þær hér með.

Drög að þessu frumvarpi höfðu áður verið til umfjöllunar hjá stjórn Bændasamtaka Íslands, og rétt er að fram komi, að stjórnin styður þá breytingu að fella niður haustskoðun búfjárefirlitsmanna og telur hana til einföldunar og sparnaðar. Ennfremur að stækka eftirlitssvæðin, eins og 10. grein gerir ráð fyrir. Þá er það álit Bændasamtakanna að frumvarpið skerpi viðbrögð við vanfóðrun og vondri meðferð á búfé og er það vel.

Auk þess að taka undir meðfylgjandi athugasemdir, er vakin athygli á eftirfarandi.


3. málsgrein 10. greinar er svohljóðandi:

“Sveitarfélög á hverju starfssvæði geta með samkomulagi sínu í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjárefirlitið, t.d. búnaðarsamböndum, eða falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum”.

Það var skilningur undirritaðs eftir viðræður við nefndina, sem undirbjó frumvarpið, að heimildin til að fela “sérstökum aðila” eða “stærsta sveitarfélaginu” umsjón, væri ekki takmörkuð við “fjárreiður og aðstöðu”, heldur gæti verið um það að ræða, að slíkir aðilar mættu taka að sér framkvæmd á a.m.k. sumum þáttum búfjárefirlitsins. Þetta þarf að skoða nánar.

Loks óskar undirritaður eftir að geta komið frekari skýringum að munnlega, þegar landbúnaðarnefnd fjallar um frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson

Búnaðarþing 2002: Ályktun v. t. stj.

6. mars 2002 - JVJ

Dagsetning skjals 6.mars 2002 Mál: 02020016 Þ.skj.16-3
Tegund skjals Ályktun v. t. stj. Niðurst. atkv.gr. (með - á móti) Samþykkt að vísa til stjórnar með 27-8 samkv. dagskrártillögu frá ABE

Nefnd: Fagraða- og búfjárræktarnefnd
Framsögumaður: Jóhannes H. Ríkharðsson

Frumvarp til laga um búfjárhald o.fl.

Búnaðarþing 2002 hefur enn fengið til umsagnar frumvarp til laga um búfjárhald o.fl.. Lagðar eru til ýmsar veigamiklar breytingar á gildandi lögum. Þingið styður það markmið laganna að koma í veg fyrir slæma meðferð á búfé, en leggur áherslu á að eftirlitið verði framkvæmt með skilvirkum og ódýrum hætti.

Þingið ítrekar að þær athugasemdir sem gerðar voru við frumvarpið á Búnaðarþingi 2001 og hafa ekki enn verið teknar í frumvarpið verði teknar til greina við endanlegan frágang frumvarpsins.

Um er að ræða eftirtalin atriði:

5. gr. Setningin "Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald..." verði felld út.

8. gr. Tilgreind dagsetning er óraunhæf. Í stað 15. maí komi 15. júní.

10. gr. Það er skoðun þingsins að forðagæsla og búfjárefirlit sé að verulegum hluta opinbert eftirlit fremur en þjónusta við bændur. Þingið leggst gegn hugmyndum um gjaldtöku vegna hins almenna eftirlits, þ.e. reglulegt eftirlit og umsýslu varðandi þá sem rækja skyldur sínar varðandi þá þætti sem löggin kveða á um. Þann þátt í framkvæmdinni verður að meta og er eðlilegt að sé greiddur af opinberu fé.

12. gr. Niður falli setningarhlutinn; "sem ekki starfrækja....Bændasamtökum Íslands."

18. gr. Eðlilegra er að tala um að sæta banni til að halda búfé fremur en svipta leyfi.

Eggert Pálsson

Guðmundur Jónsson

Haraldur Benediktsson

Jóhannes H. Ríkharðsson

Sigurður Loftsson

Svana Halldórsdóttir

Þórólfur Sveinsson



Landbúnaðardeild Alþingis
b.t. Einars Farestveit
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P 127/2002**
komudagur **E. 3. 2002**

4. mars 2002
Snr. 11/01-1769/MH

Efni: Frumvarp til laga um búfjárhald

Vísað er til erindis Landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 5. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsagnar Dýraverndarráðs um frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál, heildarlög.

Dýraverndarráð gerir eftirfarandi athugasemdir.

Að mati Dýraverndarráðs er einn helsti galli frumvarpsins sú tilslökun á eftirliti sem gert er ráð fyrir með 11. og 12. gr. Í stað eftirlitsferða búfjárefnismanna að hausti, sem hafa reynst mjög gagnlegar, er nú gert ráð fyrir skýrslusöfnun í nóvember og eftirlitsferð í apríl. Með þessu er dregið verulega úr forvarnagildi eftirlits á haustin sem komið getur í veg fyrir að illa fari síðar. Hvað snertir þéttbýlishross telur Dýraverndarráð óraunhæft að hægt verði að safna nýtilegum skýrslum vegna þeirra fyrir 20. nóvember eins og gert er ráð fyrir í 11. gr. Fæst þeirra eru komin í hús fyrr en um eða upp úr áramótum. Reynslan sýnir að 15. febrúar væri raunhæfari dagsetning fyrir skýrslusöfnun. Sömuleiðis er dagsetningin 15. janúar í 4. gr. óraunhæf og ætti fremur að vera 15. febrúar.

Hvað snertir 7. gr. er það álit Dýraverndarráðs að engin fagleg rök séu fyrir því að hestar þurfi að vera í vörslu frá 10 mánaða aldri (óvanaðir). Að mati ráðsins nægja 12 mánuðir nægja en frá og með þeim aldri ná hestar kynþroska.

Að mati Dýraverndarráðs er ekki ljóst í lögnum hverjir skuli samræma búfjárefnlit og hafa yfirumsjón með því. Nú eru það búnaðarsamböndin og Bændasamtök Íslands.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir
ritari



Samband dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ

Fjölhisvegi 16, 101 Reykjavík. Sími- Fax 5523044
Vefur www.dyravernd.is - Netfang dyravernd@dyravernd.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/1123
11.3.2002

Reykjavík 8. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.
nefndasvið@althingi.is

Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um búfjárhald, sem lagt hefur verið fram á 127. löggjafarþingi Alþingis. Eftirfarandi eru helstu athugasemdir SDÍ við þetta nýja frumvarp.

1. og 2. grein.

Hér er mælt fyrir um tilgang laganna, sem er að tryggja góðan aðbúnað **búfjár**, það er segja **alifugla, geitfjár, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripia, sauðfjár og svína**. Hinsvegar verður strax ljóst við lestur frumvarpsins að lögin eru, enn sem fyrr einungis sniðin að þörfum hins hefðbundna “sveitabúskapar” þ.e sauðfjár, nautgripa og hrossa að einhverju leyti. Um áratuga skeið hefur verið rekinn stórfelldur búskapur á svokölluðum tæknivæddum stórbúum með svín, alifugla og loðdýr án lögboðis eftirlits búfjárestirlitsmanna enda þótt nauðsynlegt sé að hafa virkt eftirlit á þessum stórbúum, vegna þeirra sérstöku búskaparháttar, sem þar eru stundaðir fyrir luktum dyrum. Og þörfin er ekki síðri en með hinum hefðbundna “sveitabúskap” því dýrin geta þjáðst af fleiri orsökum en hungri og vatnsleysi. T.d. eru þrengsli oft geigvænleg á þessum búum og er þess skemmst að minnast, þegar 800 hænur frá tæknivæddu hænsnabúi köfnuðu í flutningabíl. Þegar farið var að kanna nánar aðstæður á búinu, vegna þessa sérstaka atviks kom í ljós að aðbúnaði hænanna var mjög ábótavant, fjöldi þeirra umfram leyflegt hámark var um 9000 og 10% afföll höfðu verið um varptímann. Þetta er aðeins eitt af nýlegri dæmunum og sýnir ljóslega hve brýn þörf er á beinum lagafyrirmælum um búfjárestirlit á þessum búum einnig og kæmu þau, sem viðbót við 12. grein frumvarpsins. (Sjá 12. grein).

Hér segir einnig að tilgangur frumvarpsins sé að tryggja góðan aðbúnað búfjár og að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn—osfrv. Því miður hefur verið felld út krafan um skjól, sem vegna mikilvægis síns þarf að koma fram strax í tilgangi laganna. Skýringar í 3. gr. eru ekki nægileg áhersla á nauðsyn þess að búfé hafi viðunandi vistarverur og skjól. Í fyrstu sjálfstæðu lögunum um dýravernd frá 1917 segir að frá 1. október það ár skuli allir þeir er skepnur eiga, hafa næg hús fyrir þær allar. Mikið vatn er runnið til sjávar síðan og sífellt gerðar minni kröfur til húsdýraeigenda um húsaskjól fyrir dýrin sín en með þessari tilslökun fer íslenskri dýravernd aftur um nánast heila öld. SDÍ gerir það hér að tillögu sinni að á eftir orðunum beit/fóður og vatn komi orðin: “**nægilegt skjól í öllum veðrum**” í samræmi við gildandi lög um dýravernd.

8. grein.

Í þessari grein er m.a. fjallað um heimild umráðamanns lands til að **friða** tiltekið og afmarkað svæði fyrir **umgangi** og beit búfjár. Þetta orðalag er óljóst og gæti hæglega valdið misskilningi og þyrfti að hafa hér hliðsjón af nýjum lögum um náttúruvernd.

10. grein.

Hér er m.a. fjallað um kostnaðinn við búfjareftirlitið, sem sveitarfélögunum er enn gert að standa undir. Jafnframt er nú lagt til að innheimta megi eftirlitsgjald í samræmi við umfang eftirlits hjá hverjum og einum. Hér er um sparnaðarviðleitni að ræða og er augljóst samhengi milli þessarar tilhögunar og þeirrar ætlunar að fella fyrri skoðunarferðina niður og geta bændur nánast “keypt” sig undan kostnaði við fyrri ferðina, ef þeir skila skýrslu. SDÍ hefur verulegar efasemdir um þessa tilhögun og leggur til að **kostnaður við búfjareftirlitið greiðist úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti**, í þeirri von að slík tilhögun muni tryggja virkara eftirlit. Eftirlit með velferð dýranna er allra hagur og ekki er vitað til þess að ríkissjóður hafi lagt fram nokkra fjármuni til dýraverndar hingað til.

11. og 12. greinar.

Hér gerir SDÍ þá tillögu að 11. grein frumvarpsins verði breytt á þann hátt að **fyrri forðagæsluferðinni verði haldið áfram og að hún verði farin eigi síðar en fyrir 15. október**. Og jafnframt leggur SDÍ til að eftirfarandi viðbót komi við 1. mgr. 12. greinar: - **“Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum, sem haldin eru á tæknivæddum stórbúum”** - Er þetta ákvæði í samræmi við 3. gr. dýraverndarlaga nr.15/1994.

Þessar ferðir hafa forvarnargildi, sem seinni ferðirnar hafa ekki og því miður hafa dæmin sannað að full þörf er enn á raunverulegri fyrirbyggjandi forðagæslu eins og verið hefur í lögum sl. 90 ár. Árið 1913 voru sett þrenn lög, til að tryggja landslýð gegn harðindum en þau voru forðagæslulög, bjargráðalög og lögin um kornforðabúr. Í 3. grein forðagæslulaganna sagði að forðagæslumenn skyldu koma að minnsta kosti tvisvar til eftirlits á hverju heimili til þess að athuga fóðurbirgðir og fénað búenda og gera þær ráðstafanir, sem þeir töldu nauðsynlegar til að fénaður liði ekki skort. – Fyrri skoðun skyldi lokið 15. október og þeirri síðari fyrir 15. apríl. Lög þessi áttu aðeins að gilda í tvö á en svo fór að forðagæslulögin hafa haldið gildi sínu þrátt fyrir mikla andstöðu, því talið hefur verið að ekki sé hægt að vera án þessa eftirlits með fóðurforða bænda og enn í dag hefur þessi þörf ekkert breyst. Tilgangur forðagæslulaganna var fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir að búfé liði skort og það vekur furðu að sífellt hefur verið slakað meir og meir á kröfunum um hvenær fyrri skoðunarferðin skuli farin. Með þessu nýja frumvarpi er fyrri ferðin alveg felld niður en í staðinn koma skýrslur bændanna sjálfra og ekki er ætlunin að kanna áreiðanleik þeirra fyrr en í lok vetrarins en þá kann skaðinn að vera skeður og dýrin fallin úr hor. SDÍ varar eindregið við framangreindri óheillaþróun að færa fyrirbyggjandi forðagæslueftirlit úr höndum hinna lögboðnu forðagæsluaðila og til bændanna sjálfra með þessum hætti og jafnframt er með henni endanlega felldur niður hinn ómetanlegi forvarnarþáttur forðagæslunnar, sem í upphafi var tilgangurinn með setningu forðagæslulaganna 1913.

15. og 16. grein.

Í þessum greinum segir að neiti umráðamaður búfjár eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum og /eða **beitilöndum** þannig að ekki verði komið við eftirliti skuli óska dómsúrskurðar. Með dómsúrskurði í lögum þessum er átt við húsleitarmeimild, sem

byggist á XI. kafla laga um meðferð opinberra mála en búfjárhaldslögin fara að hætti þeirra mála. Þar er einungis mælt fyrir um heimild til húsleitar til að fara inn í hús, geymsluhús, hirslur, skip og önnur farartæki og svo til leitar á mönnum. Hinsvegar er hvergi í lögum að finna bann við leit utanhúss, þegar um brot er að ræða samkvæmt opinberrum lögum og skiljanlega er engin þörf á húsleitarheimild þar. Sú túlkun að það þurfi húsleitarheimild til að skoða ástand búfjár í **beitilöndum** er fráleit og allt of þröng túkun á friðhelgi einkalífsins og eignarréttarins. Ákvæðið ber vott um vissa uppgjöf við eftirlitið og gefur jafnframt umráðamönnum búfjár ranglega til kynna, að þeir geti brotið lög með því að meina lögboðnum eftirlitsaðilum eftirlit með dýrunum í beitarlöndum. Þetta þarf að girða fyrir með **beinni lagaheimild handa eftirlitsaðilum til eftirlits í beitolöndum búfjár**. Að öðrum kosti kann eftirlit með búfé að vera komið út í hreinar ógöngur.

SDÍ geri það að tillögu sinni að 2. mgr. 16. greinar verði breytt þannig að orðin **og/eða beitolöndum** verði felld út í upphafi greinarinnar en ný setning komi í lok hennar þannig: - **“Ekki er þörf á dómsúrskurði við eftirlit í beitolöndum. Jafnframt er ekki þörf á dómsúrskurði vegna leitar í gripahúsum ef brýn hætta er á að bið eftir honum valdi dýrunum heilsutjóni .”**- Samsvarandi ákvæði er nú í 4. mgr. 18. gr. laga um dýravernd og er **ótækt að þau stangist á.**

Lög um búfjárhald eru hliðstæð dýraverndarlögum og tilgangur þeirra er fyrst og fremst að tryggja góðan aðbúnað dýranna. Umhverfisaráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd en jafnframt fer landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála er varða meðferð búfjár og eftirlit með búfjárhaldi. Valdsvið umhverfisaráðherra og landbúnaðarráðherra skarast að þessu leiti. Í lögum um dýravernd, sem varða **öll dýr** er víða tekið tillit til þessarar skörunar en hinsvegar er ekki að finna neina viðleitni í þá átt í frumvarpi þessu og er það miður. Lagt er til að úr þessu verði bætt með hliðsjón af 5. gr. laga um dýravernd og að frumvarpið verði fært til samræmis við núgildandi lög og að samráð verði höfð við umhverfisaráðuneytið við setningu hinna nýju laga um búfjárhald. Nauðsynlegt að gæta þess við setninu nýrra lagabálka að þeir stangist ekki á við önnur gildandi lög.

Eins og að framan segir er þetta frumvarp að “nýjum” lögum um búfjárhald að ýmsu leiti verulega gallað og tekur m.a. aðeins til hluta þeirra dýra, sem um getur í frumvarpinu sjálfu. Veruleg viðleitni er í þá átt að spara hið nauðsynlega fyrirbyggjandi búfjárefirlit og gera það vélrænt en hinn fyrirbyggjandi mannlegi þáttur eftirlitsins er felldur út að sama skapi. Þetta er slæm þróun og spurning hvort hér sé ekki verr af stað farið en heima setið.


Virðingarfyllst,

F.h. Sambands dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ.

Sigríður Ásgeirsdóttir formaður,

Ingibjörg Ingólfssdóttir,

Ragnheiður Þorsteinsdóttir.



Alþingi
Erindi nr. P 127/1029
komudagur 7.3.2002

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Einars Farestveit
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. mars 2002

Sam 092/2002 PS/sp
Tilv.: 215,0/63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. febrúar, var lagt fram bréf landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 31. janúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál, heildarlög.

Meðfylgjandi umsögn var samþykkt á fundinum.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál



**Umsögn
um frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál.**

Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 28. febrúar 2002.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til að í stað þess að samþykkja frumvarp til laga um búfjárhald verði ákvæði dýraverndunarlaga endurskoðuð í þeim tilgangi að skerpa reglur um ábyrgð þeirra sem halda dýr og valdheimildir þeirra sem annast eiga eftirfylgni þegar ekki er farið að þeim lögum varðandi aðbúnað dýra. Sérstaklega er lögð áhersla á að þeir sem grípa eiga til aðgerða gegn þeim sem ekki fara að lögnum geti gert það með skjóttum hætti. Einnig er lagt til að hagtölusöfnun þ.á.m. um gróffóðurforða, þ.e. forðagæsla, verði færð til atvinnugreinarinnar sjálfrar og sett sérstök löggjöf þar um ef þess gerist þörf.

Nánari rökstuðningur:

Sambandið telur að við endurskoðun umræddra laga hefði verið eðlilegt að endurskoða hlutverk sveitarfélaganna í framkvæmd búfjárefirlits og forðagæslu og draga úr þeirri ábyrgð sem þeim er falin á einni tiltekinni atvinnugrein, þ.e. landbúnaðinum. Afskipti og ábyrgð sveitarfélaga af öðrum atvinnurekstri á sér tæpast nokkra hliðstæðu.

Eflaust er um að ræða arf frá þeim tíma þegar afkoma flestra heimila í sveitarfélögunum byggðist á fóðuröflun fyrir búfé og þegar hún brást varð sveitarfélagið að grípa til aðgerða til að forða felli fólks og fénaðar. Nú eru breyttir tímar, nægur heyforði í landinu og hver sá sem heldur búfé á sjálfur að geta annast öflun aðfanga til síns atvinnurekstrar eins og almennt tíðkast án bakábyrgðar sveitarfélagsins.

Réttast er því að færa allt skráningareftirlit og hagtölusöfnun með búrekstri til atvinnugreinarinnar sjálfrar, þ.e. til Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambanda, sem hvort sem er eru með rekstur og starfsstöðvar víða um land, til að sinna þjónustu við atvinnugreinina og vinna auk þess að söfnun hagtalna. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir slíkri uppstökkun. Þess í stað eiga sveitarfélögin áfram að gegna mikilli ábyrgð varðandi framkvæmd búfjárefirlits, forðagæslu og hagtölusöfnun.

Hér er um að ræða milliliðahlutverk sem eðlilegast er að atvinnugreinin gegni sjálf. Búfjárefirlitsmaður sem starfsmaður sveitarfélags á t.d. að senda umráðamönnum búfjár haustskýrslu frá Bændasamtökum Íslands, sbr. 11. gr. Búnaðarsamband á síðan að yfirfara skýrslurnar og senda þær til Bændasamtaka Íslands sbr. 13. gr. Milliliðahlutverk búfjárefirlitsmanns kemur einnig fram í því að komi í ljós að fóðrun eða aðbúnaði búfjár er ábótavant tilkynnir hann það til annarra aðila sem grípa til aðgerða. Þeir aðilar sem um er að ræða eru: Sveitarstjórnir sem hafa það sérkennilega hlutverk að annast fóðuröflun ef henni er ábótavant og síðan



héraðsdýralæknir, lögregla og búnaðarsamband, auk héraðsráðunauta og fulltrúa yfirdýralæknis, sem einnig koma að málinu, sbr. 16. gr.

Stofnanir á vegum landbúnaðarins hafa nú þegar ákveðnu hlutverki að gegna varðandi eftirlit með búfjárhaldi. Í því sambandi má vísa til samningsbundins eftirlits búnaðarsambanda í gildandi búvörusamningi. Hér má t.d. benda á hlutverk Bændasamtaka Íslands skv. búnaðarlögum og samningi á grunni laganna sem felur í sér að Bændasamtökin skuli m.a. sinna verkefnum tengdum aðbúnaði og hirðingu búfjár. Hjá Bændasamtökum og búnaðarsamböndum er því mikil fagþekking á þessu sviði sem ekki er fyrir hendi hjá sveitarfélögum. Einnig er bent á að sá skilningur virðist ríkjandi að Bændasamtökin hafi umsjón með þeim málefnum sem frumvarpið tekur til, sbr. reglugerð um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár nr. 86/2000 en í 2. gr. þeirrar reglugerðar segir m.a.: „Þá er búfjárefnismanni heimilt að hafa samráð við Bændasamtök Íslands sem hafa yfirumsjón með forðagæslu, eftirliti og talningu búfjár í landinu.“

Samkvæmt 1. gr. er markmið frumvarpsins að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn, að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé, enn fremur að setja reglur um vörslu búfjár og afla hagtalna. Sé litið til tilgangs dýraverndunarlaganna nr. 15/1994 og efnis frumvarps þessa er ljóst að margar þær reglur sem mælt er fyrir í frumvarpinu eru óþarfar þar sem þær eru þegar settar í dýraverndunarlögnum.

Þrátt fyrir megin tillögu sambandsins um að frumvarpið verði ekki samþykkt og að þess í stað verði ákvæðum dýraverndunarlaganna breytt og hugsanlega samin ný lög um söfnun hagtalna í landbúnaði eru hér gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

3. gr. Lagt er til að *Friðað svæði*, sbr. 2. tölulið, verði fellt út úr greininni, sbr. athugasemd við 8. gr., og í staðinn komi: *Girt svæði* er land afmarkað fullnægjandi vörslulínu, samkv. úttekt búnaðarsambands, sem hindrar aðgang búfjár. Lagt er til að *Lausaganga*, sbr. 6. tölulið, verði skilgreind þannig: *Lausaganga* er þegar búfé er ekki haldið innan afmarkaðs svæðis. Jafnframt er lagt til að skilgreining á orðinu *Tilsjónarmaður* í 10. tölulið falli niður, sbr. athugasemd við 14. gr..

Lausaganga búfjár virðist í raun vera andstæða við vörslu búfjár. Skilgreining frumvarpsins byggir á því að búfé gangi í óleyfi í landi annars manns sem er ill skiljanlegt.

4. gr. Lagt er til að greinin orðist þannig: Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir alla þá sem eiga og halda búfé. Skrána skal uppfæra árlega með aðstoð búnaðarsambanda, búfjárræktarfélaganna og dýralækna.

Samkvæmt 4. gr. halda Bændasamtökin heildarskrá um þá sem halda búfé í öllu landinu. Hlutverk þeirra sem aðstoða Bændasamtökin á ekki að vera að halda sérstaka skrá heldur að uppfæra hluta heildarskrár Bændasamtakanna. Nauðsynlegt er að skrá yfir þá sem halda búfé nái hvoru



tveggja til þeirra sem eiga búfé og þeirra sem halda búfé, t.d. fylgja því vandkvæði að innheimta gjöld af öðrum en eiganda búfjár. Lagt er gegn því að skráð verði bæði hjón ef annað þeirra heldur eða á búfé. Hjúskapur hefur engin áhrif hvað varðar ábyrgð á búfé auk þess sem það er í hæsta máta óeðlilegt að búfjárskrá feli jafnframt í sér skráningu á hjúskaparstöðu fólks.

8. gr. Lagt er til að greinin falli niður.

Greinin felur í sér óþarft lagafyrirmæli um sérreglur um ákveðið landsvæði sem hefur í för með sér ófyrirséð óhagræði fyrir landeigendur, sveitarfélög og almenning. Umráðamaður lands, t.d. eigandi, hefur í krafti umráðaréttar eða eignarréttar fulla heimild til að ráðstafa landinu að vild innan þeirra takmarkana sem lög ákveða. Að friða land skv. frumvarpinu felur ekki annað í sér en ákvörðun um ákveðna notkun á landi og slíka ákvörðun þarf ekki að formbinda með lagaákvæðum. Telji umráðamaðurinn þess þörf að girða landið gerir hann það og fer það eftir ákvæðum girðingarlaga um uppsetningu og ábyrgð á girðingunni. Þar sem það eru hagsmunir umráðamannsins að land sé girt er furdulegt að kveðið skuli á um að búnaðarsamband votti vörslulínu, sbr. 4. ml. Óþarft er setja sérstakt lagaákvæði um þetta efni enda fellst þessi skipan í eignarrétti að landi og ákvæðum girðingarlaga. Í umræddri grein er einnig að finna fyrirmæli sem hefðu afar ósæskileg áhrif yðu þau að lögum. Það er skylda umráðamanns lands til að tilkynna sveitarstjórn um ákveðna notkun lands, sbr. 2. ml., skylda sveitarstjórna til að leggja út í kostnaðarsama tilkynningu á því hvernig umráðamaður lands hyggst nota landið, sbr. 3. ml. og óþarft ákvæði um gildissvið girðingarlaga, sbr. 5. ml.

9. gr. Lagt er til að í stað orðanna *friðað svæði* í 1. ml. greinarinnar komi orðin *girt svæði*. Einnig er lagt til að orðin *í samráði við sveitarstjórn* falli niður.

Vísað er í tillögu um að 8. gr. falli niður þar sem gert er ráð fyrir að hugtakið *friðað svæði* verði ekki til.

10. gr. Lagt er til að 1. mgr. greinarinnar orðist svo: Búfjárefirlit er á ábyrgð búnaðarsambanda og undir yfirumsjón Bændasamtaka Íslands. Jafnframt er lagt til að önnur ákvæði greinarinnar breytist í samræmi við það sjónarmið að búnaðarsambönd og Bændasamtök Íslands taki við hlutverki sveitarfélaga varðandi búfjárefirlit.

Hjá Bændasamtökum Íslands og búnaðarsamböndum er fyrir hendi fagþekking á umræddu sviði og óeðlilegt er að sveitarfélög hafi eftirlit með einni tegund atvinnurekstrar eins og áður er fram komið. Einnig má vísa til þess að í 3. mgr. greinarinnar er gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir geti falið búnaðarsambandi að annast eftirlitið. Samkvæmt þessu er eðlilegast að búnaðarsamband geti skipað búfjárefirlitsnefnd eða stjórnir þeirra sinnt hlutverki nefndanna. Gerð er athugasemd við orðnotkunina „minni og stærri“ sveitarfélög sem er mjög óljós í þessu tilliti og hefur í raun enga merkingu.

11. gr. Lagt er til að í greininni komi skýrt fram hvaða upplýsingum skuli safnað í hagtöluskyni. Samkvæmt þessari grein er eingöngu verið að safna



hagtölum en ekki gert ráð fyrir að hægt sé að grípa til neinna ráðstafana vegna upplýsinga sem fram koma í þeim upplýsingum.

Tilgangur forðagæslu hefur allt frá þjóðveldisöld verið að tryggja að bændur settu ekki á of margar skepnur miðað við fódureign enda var erfitt að afla fódurs. Nú er fódur í hvaða formi sem er almenn verslunarvara og er því óþarft að hafa eftirliti með fódureign umráðamanna búfjár. Lykilatriði er því hvort búfé hefur aðgang að nægilegu fódri, þ.e. að fódrunin sé góð, en ekki hvort umráðamaður búfjár hafi ákveðnar birgðar af fódri á tilteknum tíma. Eftirlit með birgðum fódurs er því orðið úrelt en eftir stendur að raunverulegt eftirlit skv. frumvarpinu hefur sama tilgang og markmið og fjallað er um í dýraverndunarlögum, þ.e. að aðbúnaður dýranna sé góður, sbr. 1.mgr. 3. gr. dýraverndunarlaga: „Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir viðunandi vistarverum og fullnægjandi fódri, drykk og umhirðu.“

12. gr. Lagt er til að eftirlitsferðir búfjárefirlitsmanna þurfi ekki að ná til allra umráðmanna búfjár árlega og þess í stað geti þær verið tilviljanakenndar og aðeins náð til ákveðins hluta umráðamanna. Nauðsynlegt er þó að eftirlitsferðir verði farnar til þeirra sem ekki skila haustskýrslum og þeirra sem fengið hafa athugasemdir við meðferð búfjár.

14. gr. Lagt er til að 1. ml. og 3. ml. 14. gr. falli niður og í stað þess komi: Umráðamaður lands er ábyrgur fyrir búfé sem er í hagagöngu á landi sem hann hefur umráð á.

Ákvæðin sem felld eru út eru óþörf og óframkvæmanleg. Samkvæmt skilgreiningu á orðinu tilsjónarmaður í 3. gr. er tilsjónarmaður í raun umráðamaður. Einnig felur skilgreiningin á hagagöngu í sér, sbr. 3. gr., að sá sem leyfir hagagöngu í sínu umráðalandi verður umráðamaður búfjár og er því ábyrgur. Ekki verður séð af hverju þarf að tilgreina tilsjónarmann þar sem enginn býr, þ.e. á eyðijörðum og landspildum þar sem ekki er föst búseta, þar sem búseta einhvers á landi hefur engin tengsl eða áhrif á ábyrgð á búfjárhaldi á landinu. Búfjárefirlitsskýrslum þarf ekki að skila fyrr en 20. nóvember skv. 11. gr. frumvarpsins og er því óframkvæmanlegt og ónauðsynlegt að skrá svokallaðan tilsjónarmann sem núverandi gerð frumvarpsins gerir ráð fyrir.

15. gr. Lagt er til að greinin taki mið af tillögum um að búnaðarsambönd og Bændasamtök Íslands sjái um búfjárefirlit.

16. gr. Lagt er til að greinin taki mið af tillögum um að búnaðarsambönd og Bændasamtök Íslands sjái um búfjárefirlit og að skýrt komi fram hvaða upplýsingum skuli safnað í hagtöluskini og hvað sé eftirlitskyt. Lagt er til að ef fódrun og/eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skuli búfjárefirlitsmaður tilkynna það lögreglu, héraðsdýralækni eða fulltrúa dýraverndarráðs og fer þá um aðgerðir samkvæmt dýraverndunarlögum. Lagt er til að í 6. mgr. falli út orðið sveitarstjórn og í stað þess komi búnaðarsamband.

Vísað er í tillögu og athugasemdir með 11. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er að tilkynning um að fódrun eða aðbúnaði búfjár sé ábótavant sé beint til lögreglu, héraðsdýralækni eða dýraverndunarráðs í samræmi við



ákvæði dýraverndunarlega. Ekki er hægt að líta svo á að það eitt að umráðamaður búfjár eigi ekki ákveðnar birgðir af fóðri feli í sér að búfjárhaldi hans sé ábótavant, enda er hægt að kaupa fóður á almennum markaði. Þegar vanhöld búfjár hafa verið tilkynnt er nauðsynlegt að þau stjórnvöld sem fjalla um málið geti tekið ákvarðanir með litlum fyrirvara eins og gert er ráð fyrir í greininni.



2002-02-18
122

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál

Vottunarstofan Tún hefur tekið til skoðunar frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál, heildarlög, og gerir Tún ekki athugasemdir við frumvarpið.

Með bestu kveðju,

Vottunarstofan Tún ehf.
Gunnar Á. Gunnarsson
frkvstj.



YFIRDÝRALÆKNIR

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160
grænt númer 800 6800
kt 660169-5399

Alþingi
Einar Farestveit, nefndaritari
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/881
komudagur 25. 2. 2002

Reykjavík, 20. febrúar 2002
Tilvísun: YDL02020004/110
HR/--

Umsögn um frumvarp til laga um búfjárhald o. fl.

Meðfylgjandi eru athugasemdir mínar á þessu stigi málsins, en áskil mér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Almennt er það álit yfirdýralæknis að stefna beri að því að fella í einn lagabálk öll ákvæði sem varðar dýravernd og velferð dýra. Núverandi fyrirkomulag er að valda eftirlitsaðilum erfiðleikum við að ná fram kröfum um bættan aðbúnað dýra þar sem þess er þörf.

Það er einnig álit yfirdýralæknis að stefna beri að því að allt eftirlit með búfé og yfirumsjón með því sé á hendi opinberra eftirlitsaðila. Ennfremur ber að stefna að því að gerð verði ákveðin krafa um lágmarksmenntun þeirra sem hefja búskap og fá til þess lán úr opinberum sjóðum. Einnig er þess saknað að ekki séu í frumvarpinu ákveðnar kröfur um að allir þeir sem stundi búskap þurfi að fá sérstakt starfsleyfi frá opinberum eftirlitsaðila.

Þar til ofangreind markmið hafa náðst þá er lagt til að frumvarpið verði samþykkt að teknu tilliti til eftirfarandi breyting og athugasemda.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín **OG HUNDAR**. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker landbúnaðar ráðherra úr þeim ágreiningi.

LAGT ER TIL AÐ SMALAHUNDAR EÐA AÐRIR HUNDAR SEM TILHEYRA BÚSKAPNUM VERÐI SKILGREINDIR SEM BÚFÉ.

3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

8. Umráðamaður búfjár er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði, og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og samkvæmt samningi milli aðila.

ÞESSI GREIN GENGUR EKKI SVONA. ÞAÐ ER ÓFÆRT AÐ EINSTAKA

**SVEITARSTJÓRNIR SETJI SÍNAR SKILGREININGAR OG SUMAR KANNSKI
ENGAR - SEM GÆTI KOMIÐ SÉR MJÖG ILLA FYRIR EFTIRLITSADILA -
ÞEGAR Á ÞARF AÐ HALÐA.**

8. gr.

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laganna, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum.

Umráðamaður lands skal fyrir 15. maí á hverju vori framvísa til sveitar stjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi. Um skiptingu kostnaðar við vörslulínu á landamerkjum fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

**HÉR VERÐUR AÐ GERA ATHUGASEMÐ VIÐ ÞÁ HUGSUN SEM FRAM KEMUR Í
GREININNI AÐ AÐILI SEM TILDÆMIS ER SKÓGARBÓNDI ÞURFI AÐ GIRÐA
SIG AF VEGNA ÁGANGS BÚFJÁR. NÆR VÆRI AÐ STYRKJA ÁKVÆÐI 6. GR. Í
ÞÁ VERU AÐ ÞAÐ SÉ SKYLDA UMRÁÐAMANNA AÐ HALÐA BÚFÉ SÍNU Í
VÖRSLU SINNI ALLT ÁRIÐ UM KRING - AÐ UNÐANSKILÐUM ÞEIM TÍMA SEM
FÉ ER Á FJALLI.**

12. gr.

Búfjäreftirlitsmaður fer á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit eða hafa gæðastjórnun viðurkennda af Bændasamtökum Íslands !!!og skulu þeir láta búfjäreftirlitsmanni í té vorskýrslu, sbr. 4. tölul. 17. gr. Búfjäreftirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár og fódru og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og/eða fódru búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjäreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr.

**HÉR VERÐUR AÐ GERA ATHUGASEMÐ VIÐ ÞAÐ FYRIRKOMULAG SEM
GREININ GERIR RÁÐ FYRIR. ÞAÐ GENGUR EKKI UPP AÐ ÞEIR SÉU
UNÐANÞEGNIR EFTIRLITI SEM HAFI GÆÐASTJÓRNUN VIÐURKENNDA AF
BÆNDASAMTÖKUM ÍSLANDS. YFIRDÝRALÆKNI ER EKKI KUNNUGT UM
ÞESSA GÆÐASTJÓRNUN - HÚN HEFUR EKKI KOMIÐ HÉR TIL UMSAGNAR OG
EKKI ER VITAÐ VIÐ HVAÐA LÖG HÚN STYÐST.**

16. gr.

Komi í ljós að fódru eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skal búfjäreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn og héraðsdýralækni samdægurs. Hver sá sem verður var við að umráðamaðni búfjár skorti hús, fódru eða beit fyrir búfé sitt, hann vanfóðri það eða beiti það harðýðgi skal tilkynna það héraðsdýralækni. Berist upplýsingar um vanfóðru, harðýðgi eða slæman aðbúnað búfjár beint til dýralækni, búnaðarsambands eða lögreglu skal tilkynna það héraðsdýralækni samdægurs. Hann skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand búfjárins og aðbúnað. Héraðsdýralækni er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralækni sér til aðstoðar við aðgerðir samkvæmt þessari grein. Héraðsdýra lækni og héraðsráðunautur eða fulltrúi yfirdýralækni skulu gefa umráðamanni búfjár skrifleg fyrirmæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt og upplýsa sveitarstjórn um málið. Veita skal mest einnar viku frest til úrbóta ef um vanfóðru eða harðýðgi er að ræða en mest þriggja

vikna frest ef aðbúnaði er ábótavant og skal gefa umráðamanni búfjár mest fjögurra sólarhringa frest til andmæla.

Neiti umráðamaður búfjár eftirlitsaðilum um aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti skal héraðsdýralæknir tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan sólarhrings og skal lögreglustjóri þá **INNAN SÓLARHRINGS** óska eftir dómsúrskurði.

HÉR ÞARF AÐ TRYGGJA SKJÓTA MÁLSMEÐFERÐ DÓMSKERFISINS - SEM ÞVÍ MIÐUR HEFUR ORÐIÐ MISBRESTUR Á.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m.a. sett eftirfarandi reglugerðir um nánari framkvæmd laganna:

1. Reglugerð um merkingar búfjár þar sem kveðið er á um að umráðamönnum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.
2. Reglugerð um vörslu búfjár. Í reglugerðinni skal fjallað um almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund og einnig kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.
3. Reglugerð um aðbúnað og meðferð búfjár. Ráðherra gefur út reglugerð um einstakar búfjártegundir í samvinnu við viðkomandi búgreinasamband, Bændasamtök Íslands og yfirdýralækni. Í reglugerðinni skal kveðið á um mismunandi reglur sem gilda um búfé eftir aldri og tegund þess. Eftirlit með framkvæmd aðbúnaðarreglugerða skal falið búfjárefirlitsmönnum og héraðsdýralæknum.

HÉR ÞARF AÐ VERA ALVEG SKÝRT AÐ ÞAU STARFSALEYFI SEM HÉRAÐSDÝRALÆKNIAR EIGA AÐ VEITA SAMKVÆMT T.D. AÐBÚNAÐARREGLUGERÐ UM NAUTGRÍPI OG SVÍN HAFI FULLA STÖÐ Í LÖGUNUM OG AÐ HÆGT SÉ AÐ TAKA STARFSLEYFIN AF BÆNDUM EF Á ÞARF AÐ HALDA.

Virðingarfyllst,



Halldór Runólfsson
yfirdýralæknir